

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018,**  
**æfingasvæði við Skarðshlíð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði norðan Skarðshlíðar breytist í opið svæði til sérstakra nota, þar sem gert er ráð fyrir æfingasvæði í tengslum við íþróttasvæði handan götunnar. Gert er ráð fyrir minni háttar aðstöðubyggingu á svæðinu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*